GJALDSKRÁ

Orkuveitu Reykjavíkur.

Raforkugjöld, varmaorkugjöld og önnur gjöld.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

2. gr.

Varmaorka.

2.1 Fast gjald.

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka :

A:	15 mm til 20 mm	6.574 kr./ár
B:	25 mm til 50 mm	13.730 kr./ár
C:	65 mm og stærri	27.834 kr./ár

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

2.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um taxta annan en IH1, Almenn heitavatnsnotkun.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun 54,60 kr./m^3

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IH2. Almenningssundlaugar 16,40 kr./m^3

Taxtinn gildir fyrir almenningssundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH3. Gróðurhús 27,30 kr./m^3

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

IH4. Sundlaugar 27,30 kr./m^3

Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfsseminnar.

IV2. Fiskeldi. 27,30 kr./m^3

Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

IV3. Íþróttavellir 41,00 kr./m^3

Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

IV4. Iðnaðarvatn 27,30 kr./m^3

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar.

Sérstakur taxti fyrir snjóbræðslu.
IS1. Snjóbræðsla

Framrásavatn.

Fastagjald	83.502 kr./ári	
SR1	27,30 kr./m^3	útihiti hærri en -5°C
SR2	81,90 kr./m^3	útihiti -5°C eða lægri

Bakrásarvatn úr kerfi Orkuveitunnar.

Tvöfalt dreifikerfi fyrir hendi:	árgjald 22 kr./m^2
Orkuveitan kostar sérstakt dreifikerfi:	árgjald 88 kr./m^2

Miðað er við að kerfið fái a.m.k. 5 l/klst. pr. fermetra af 30°C heitu bakvatni við 0°C. Ef mælingar sýna að notandi fái ekki nægjanlegt bakvatn við rétt hitastig skerðist upphæðin í réttu hlutfalli.

Sérstakt samkomulag þarf að gera um viðskipti samkvæmt þessum taxta og tekið skal fram að ekki er hægt að afhenda samkvæmt taxtanum í öllum tilfellum. Bakrásarvatn, sem Orkuveitan afhendir skv. slíku samkomulagi, er úr kerfi Orkuveitunnar, en viðskiptaaðilum er frjálst að nýta eigið bakrásarvatn án sérstakra greiðslna.

3. gr.
Raforka.

3.1 Almenn orkunotkun.
Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

A.1.	Almenn notkun:		
	Fast gjald	2.750,00	kr./ár
	Orkugjald	5,71	kr./kWh
A.4	Blönduð notkun:		
	Fast gjald	10.600,00	kr./ár
	Orkugjald	3,44	kr./kWh

3.2 Afl og orkunotkun.
Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útilýsing.
Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

B.1	Afl- og orkumæling:		
	Fast gjald	47.200,00	kr./ár
	Aflgjald	8.000,00	kr./kW/ár
	Vetrarorkugjald	3,95	kr./kWh
	Sumarorkugjald	1,82	kr./kWh
B.2	Útilýsing:		
	Aflgjald	21.900,00	kr./kW/ár
	Viðhaldsgjald	23.000,00	kr./kW/ár

3.3 Rofin orkunotkun.
Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

R.1	Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	7.850,00	kr./ár
	Orkugjald með rofi í nóvember-febrúar	3,02	kr./kWh
	Orkugjald með rofi í desember-janúar	3,28	kr./kWh
R.2	Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	7.850,00	kr./ár
	Vetrarorkugjald með rofi í nóvember-febrúar	3,80	kr./kWh
	Vetrarorkugjald með rofi í desember-janúar	4,29	kr./kWh
	Sumarorkugjald	1,86	kr./kWh
R.3	Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	7.850,00	kr./ár
	Orkugjald	2,48	kr./kWh
R.4	Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	7.850,00	kr./ár
	Vetrarorkugjald	2,96	kr./kWh
	Sumarorkugjald	1,52	kr./kWh

3.4 Tímaháð orkunotkun,

Tímaháð orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

T.1	Tímataxti:		
	Fast gjald	118.000,00	kr./ár
	Lágverð	3,26	kr./kWh
	Miðverð	6,06	kr./kWh
	Háverð	13,60	kr./kWh

Gildistími verðþrepa

Lágverð	október til apríl	kl. 21-09
	maí til september	allan sólarhringinn
Miðverð	nóvember til febrúar virkir dagar	kl. 13-17
	nóvember til febrúar frídagar *	kl. 09-21
	október, mars og apríl	kl. 09-21
Háverð	nóvember til febrúar virkir dagar	kl. 09-13 og 17-21
	Aðfangadagur og gamlársdagur	kl. 09-13 og 17-21

* Aðfangadagur og gamlársdagur teljast ekki til þessara frídaga og eru meðhöndlaðir eins og virkir dagar í desember.

4. gr.
Önnur gjöld.

4.1 Heimtaugagjöld.

H.1H **Heitt vatn.**

Málstærð	**kr.**
20 mm	49.400
25 mm	102.900
32 mm	157.400
40 mm	319.000
50 mm	534.000
65 mm	1.072.200
80 mm	2.148.500
Tengigrind	5.350

H.1R **Rafmagn.**

Málstraumur	**Fjöldi fasa**	**Tengigjald kr.**
63 A	1-fasa	60.400
63 A	3-fasa	66.900
100 A	3-fasa	107.000
200 A	3-fasa	212.000
315 A	3-fasa	333.000
400 A	3-fasa	431.000
630 A	3-fasa	669.000
710 A	3-fasa	756.000
1200 A	3-fasa	1.280.000
1800 A	3-fasa	1.910.000
2400 A	3-fasa	2.550.000

H.2 **Bráðabirgðaheimtaugar.**

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald	
			Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A	1-fasa	12.000	1.790	22.700
63 A	3-fasa	16.800	1.790	26.100
100 A	3-fasa	17.900	2.340	30.300
200 A	3-fasa	67.400	2.340	30.300

H.3 **Sumarhúsaheimtaugar.**

Málstraumur		Heimtaugagjöld kr.
35 A	1-fasa	208.000
35 A	3-fasa	229.000

4.2 Mælaleiga.

Mælaleiga er innifalin í raforkuverði skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

		kr.
M.1	Orkumælir, einfasa	845
M.2	Orkumælir, þrífasa	3.340
M.3	Orkumælir, þrífasa með straumspennum	5.660
M.4	Aflmælir	5.660
M.5	Aflmælir með straumspennum	8.450
M.6	Tvígjaldsorkumælir	5.430
M.7	Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	8.300
M.8	Fjarstýriliði	3.740
M.9	Púlsmagnari	5.660

4.3 Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar	5.940

Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.

4.4 Álestrargjald.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.180

4.5 Innheimtugjald.

Seðilgjald	200
Vanskilagjald (15 dögum eftir gjalddaga)	450
Ítrekunargjald (6 vikum eftir gjalddaga)	900
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.800

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur, og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð nr. 793/1998, og auglýsingu nr. 436/1999, til að öðlast gildi 1. mars 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 479, 9. júlí 1999 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. febrúar 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

16. febrúar 2001 Nr. 157

REGLUGERÐ

um húsbréf og húsbréfaviðskipti.

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til húsbréfa og viðskipta með slík bréf, sbr. VI. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Reglugerð þessi tekur til starfa og starfshátta húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs, sbr. 17. gr. laga um húsnæðismál.